Nr. 6.
12.
júlí.

# Lög

um

## lausafjártíund.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Hver maður, hvort heldur er karl eða kona, búandi eða búlaus, sem á 60 álna eða hálft hundrað í tíundbæru lausafje, skal tíunda það á hverju ári. Skal hann á vorhreppaskilum telja fram fyrir hreppstjóra eða bæjarstjóra lausafje það, er hann átti, eða hafði undir hendi í fardögum, og skal það framtal rita í sveitarbókina. En á haust-hreppaskilum skal telja frá það, sem hefir farizt um sumarið af því, er fram var talið um vorið, og einnig þann pening, sem þeginn er undan tíund í lögum þessum.

2. grein.

Fjenaður skal lagður í tíund, sem hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1 kýr leigufær | 1 | hundrað |
| 2 kýr eða 2 kvígur mylkar, sem eigi eru leigufærar | 1 | — |
| 3 geldneyti tvævetur eða geldar kvígur | 1 | — |
| 2 naut eldri | 1 | — |
| 6 ær með lömbum leigufærar | 1 | — |
| 15 lambsgotur | 1 | — |
| 10 sauðir þrjevetrir eða eldri | 1 | — |
| 12 sauðir tvævetrir, eða geldar ær | 1 | — |
| 24 gemlingar | 1 | — |
| 3 hestar eða hryssur fimm vetra eða eldri | 1 | — |
| 4 tryppi tveggja til fjögra vetra | 1 | — |

Fella skal úr tíund sjöunda hluta fjenaðarins.

3. grein.

Skip og báta, sem ganga til fiskiveiða, skal leggja í tíund, sem hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1 þilskip | 3 | hundruð |
| 1 áttæringur eða stærri skip | $1^1/_2$ | hundrað |
| 1 sexæringur eða feræringur | 1 | — |
| 1 tveggjamannafar | $^1/_2$ | — |

Veiðigögn fylgja skipi hverju í tíund.

Nr. 6. Lög 12. júlí um lausafjártíund.
12. dag júlím.

# Lov

om

## Løsegodstiende.

Nr. 6. 12te Juli.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæste følgende Lov:

§ 1.

Enhversomhelst, hvad enten det er Mand eller Kvinde, Jordbruger eller Ikke-Jordbruger, som ejer 60 Alen eller 1/2 Hundrede tiendepligtigt Løsøre, er pligtig til hvert Aar at angive det til Tiende. Paa Foraars-Repsthinget er han pligtig til for Repstyreren eller Byraadets Formand at angive, hvilket Løsegods han var Ejer af eller havde i sit Værge ved Fardagstid, og bør denne Anførelse indføres i Kommunens Protokol. Men paa Efteraars-Repsthinget fradrages, hvad der i Sommerens Løb er gaaet tabt af det om Foraaret Angivne, saavelsom ogsaa de Kreaturer, som ifølge nærværende Lov ere tiendefri.

§ 2.

Kreaturer bør ansættes til Tiende paa følgende Maade:

| | | |
|---|---|---|
| 1 lejedygtig Ko | 1 | Hundrede |
| 2 Køer eller 2 Kvier, som give Mælk, men ikke ere lejedygtige | 1 | — |
| 3 toaarsgamle golde Kvæghøveder eller golde Kvier | 1 | — |
| 2 ældre Stude eller Tyre | 1 | — |
| 6 lejedygtige Faar med Lam | 1 | — |
| 15 Moderfaar, som have mistet deres Lam | 1 | — |
| 10 treaarsgamle eller ældre Beder | 1 | — |
| 12 toaarsgamle Beder eller golde Moderfaar | 1 | — |
| 24 aarsgamle Faar | 1 | — |
| 3 femaarsgamle eller ældre Heste eller Hopper | 1 | — |
| 4 2—4 Aar gamle Plage | 1 | — |

Ved Ansættelsen til Tiende fraregnes en Syvendedel af Kreaturerne.

§ 3.

Fartøjer og Baade, hvormed der drives Fiskeri, bør ansættes til Tiende paa følgende Maade:

| | | |
|---|---|---|
| 1 Dæksfartøj | 3 | Hundreder |
| 1 Baad med 8 Aarer eller derover | 1 1/2 | Hundrede |
| 1 Baad med 6 eller 4 Aarer | 1 | — |
| 1 Tomands-Baad | 1/2 | — |

Fiskeredskaberne følge med hvert Fartøj ved Ansættelsen til Tiende.

4. grein.

Menn skulu eiga með sjer tvenn hreppaskilaþing ár hvert, hin fyrri á vorin 12. til 24. dag junímánaðar, en hin síðari á haustin 1. til 20. dag októbermánaðar. Skyldur er hver búandi maður að mæta á hreppaskilaþingi því, er hann á sókn að, til að telja fram tíundbært lausafje sitt, hjúa sinna og annara, sem á hans vegum eru, ef þeir eigi mæta sjálfir. Hver sem ekki mætir á hreppaskilaþingi, eða lætur fullveðja mann mæta fyrir sig, og er honum það sjálfrátt, verður sekur um 1 krónu. Hreppstjórar skulu kveðja til hreppaskilaþinga í tækan tíma með þingboði, sem berist um allan hreppinn. Hver, sem tefur boðburð að nauðsynjalausu, eða fellir niður, verður sekur um 3 krónur. Sektir eptir þessari grein renna í sveitarsjóð.

5. grein.

Hver maður skal telja fram lausafje sitt til tíundar, eins og það er til. Þyki hreppstjóra eða bæjarstjóra framtala einhvers tortryggileg, eða að eigi sje rjett skýrt frá vanhöldum, getur hann gjört hlutaðeiganda tíund, er han álítur hæfilega. Sama er og, ef einhver eigi mætir á hreppaskilaþingi, eða segir ekki til tíundar sinnar, þá skal hreppstjóri gjöra honum tíund, eptir því sem næst verður komizt um fjáreign hans. Allar skýrslur um tíund ritar hreppstjóri eða bæjarstjóri í sveitarbókina.

6. grein.

Hafi einhverjum verið gjörð tíund, eptir því sem segir í 5. grein, á hann þann kost, að sanna tíund sína með eiði. Þann eið skal hann vinna fyrir sýslumanni, eigi síðar en á næsta manntalsþingi, eptir að tíundin var gjörð. Heimilt er og sýslumanni að gjöra rjettarrannsókn um tíundarframtal manna, ef þess þykir þurfa við.

7. grein.

Sá, er verður sannur að röngu tíundarframtali, verður sekur um 10 til 100 krónur, og gjaldi að auki tíundir og önnur lögboðin gjöld af því, er hann dró undan. Sektir þessar renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

8. grein.

Föst innstæðu-kúgildi skal eigi tíunda, og er tíund ef þeim fólgin í jarðartíundinni. Þar sem eigi er fast-ákveðið innstæðu-kúgildatal á jörðum, er heimilt að telja eitt kúgildi á hverjum 5 hundruðum, en eigi fleiri. Allan annan leigupening skal tíunda; skal telja hann sjer í tíundarskýrslunum, og leiguliði greiða tíund af honum sem sínu fje.

9. grein.

Eigi ómyndugir tíundbært fje, skal það og tíunda. Skal sá, er geymir fjárins, eða hefir það í vörzlum sínum, telja það fram til tíundar.

10. grein.

Heimil er samtíund foreldrum og niðjum, ef þeir eiga bú saman, en öðrum eigi, nema allir tíundatakendur leyfi. Ef tveir menn eða fleiri eiga fje saman, skal sá þeirra, er þeir verða ásáttir um, telja fram til tíundar fyrir þá báða eða alla.

§ 4.

Der bør afholdes to Repsthing hvert Aar; det første om Foraaret i Tidsrummet fra 12te—24de Juni, det sidste om Efteraaret i Tidsrummet fra 1ste—20de Oktober. Enhver bosat Mand er pligtig at møde paa det Repsthing, hvortil han hører, for at opgive det tiendepligtige Løsøre, der tilhører ham selv, hans Tjenestefolk samt andre til hans Husstand hørende Personer, dersom disse ikke selv møde. Enhver, som uden Forfald undlader at møde paa et Repsthing personlig eller ved en fuldmyndig Mand, ifalder en Bøde af 1 Krone. Repstyrerne ere pligtige til med tilstrækkeligt Varsel at sammenkalde Repsthinget ved en Budstikke, som skal bringes omkring i hele Reppen. Enhver, som uden Nødvendighed forsinker eller undlader Budstikkens Befordring, ifalder en Bøde af 3 Kroner. Bøder ifølge denne Paragraf tilfalde Kommunekassen.

§ 5.

Enhver er pligtig til at angive til Tiende alt sit Løsegods uden nogen Undtagelse. Finder Repstyreren eller Byraadets Formand Tiendeangivelsen mistænkelig, eller tror han, at de tabte Kreaturers Antal ikke er rigtig angivet, kan han ansætte den Paagjældende til en saadan Tiende, som han anser for passende. Det Samme gjælder ogsaa, naar Nogen enten ikke møder paa Repsthinget eller undlader at opgive sine tiendepligtige Ejendele; i saa Fald har Repstyreren at bestemme hans Tiende efter de Oplysninger, som det er muligt i saa Henseende at tilvejebringe. Samtlige Oplysninger angaaende Tienden indfører Repstyreren eller Byraadets Formand i Kommunens Protokol.

§ 6.

Naar Nogen er bleven ansat til Tiende paa den i § 5 foreskrevne Maade, staar det ham frit for at bevise sin Tiende ved Ed. Denne Ed har han at aflægge for Sysselmanden, ikke senere end paa næste Mandtalsthing, efterat Tiendeansættelsen fandt Sted. Sysselmanden er ogsaa berettiget til at anstille en retslig Undersøgelse angaaende en Mands Tiendeangivelse, om saadant anses for nødvendigt.

§ 7.

Den, som bliver overbevist om urigtig Tiendeangivelse, ifalder en Bøde af 10 til 100 Kr., hvorhos han har at betale Tiende samt andre lovbestemte Ydelser af det besvegne Beløb. Bøderne tilfalde vedkommende Kommunekasse.

§ 8.

Faste Inventarie-Kvilder angives ikke til Tiende, da deres Tiende er indbefattet i Jordtienden. Hvor Inventarie-Kvildernes Antal paa en Jord ikke er fast bestemt, kan der beregnes et Kvilde for hver 5 Hundreder, men ikke flere. Alle andre Lejekreaturer bør tiendes; de bør anføres særskilt i Tiendefortegnelserne, og Lejetageren yde Tiende deraf som af sine egne Kreaturer.

§ 9.

Naar Umyndige eje tiendepligtigt Gods, bør det ogsaa tiendes. Den, som opbevarer Godset eller har det i sit Værge, har at angive det til Tiende.

§ 10.

Forældre og deres Afkom ere berettigede til at tiende i Fællesskab, hvis de leve i Fællig, men ingen Andre, medmindre samtlige Tiendetagere tillade det. Naar To eller Flere eje Gods i Fællesskab, skal den af dem, som de blive enige om, angive det til Tiende for dem begge eller alle.

Nr. 6.
12. júlí.

11. grein.

Fje skal fram telja til tíundar í þeirri þinghá, sem eigandi á lögheimili, en ef það er leigufje, þá þar, sem leiguliði á lögheimili. Nú hefir einhver tvær eða fleiri jarðir undir bú sitt, og liggur sín í hverjum hreppi, kirkjusókn eða sýslu, og er hann þá skyldur að telja þann pening þar fram til tíundar, er hann fram fleytist.

12. grein.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, skal greiða níu tíundu hluti álnar í tíund af hverju lausafjárhundraði. Tíund af fimm hundruðum eða meira lausafje skiptist í þrjá jafna hluti; fellur einn hluti til fátækra í þeirri þinghá, sem tíundandi á lögheimili í, annar til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, og hinn þriðji til hlutaðeigandi sóknarprests. Öreigatíund, eða tíund af minna fje en fimm hundruðum, fellur óskipt til fátækra.

13. grein.

Fátækratíund skal greiðast til sveitarsjóðs þess, er hlut á að máli, innan loka þsss árs, sem tíundin er gjörð. Í fátækratíund eru allir sömu aurar gjaldgengir sem í hin almennu gjöld til landssjóðs.

14. grein.

Eindagi á prests- og kirkjutíund er sumardagur hinn fyrsti, næst á eptir að tíundin er gjörð. Sömu aurar eru gjaldgengir í prests- og kirkjutíund sem í fátækratíund.

15. grein.

Fyrir tíundum má gjöra fjárnám hjá gjaldanda samkvæmt opnu brjefi 2. apríl 1841, og hafa þær í tvö ár frá gjalddaga hinn sama forgöngurjett, sem skattgjöld til landssjóðsins hafa að lögum.

16. grein.

Rjett er, að amtmaður ákveði sektir þær, sem um er rætt í 7. grein, nema sá, er hlut á að máli, kjósi heldur, að málinu sje vísað til dóms. Nú er málinu vísað til dóms, og skal þá fara með það sem almennt lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 12. dag júlím. 1878.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

---

Nr. 6. Lög 12. júlí um lausafjártíund.

§ 11.

Kreaturer bør angives til Tiende i det Thingsogn, hvor Ejeren har lovlig Bopæl, men hvis det er lejede Kreaturer, hvor Lejetageren har lovlig Bopæl. Naar Nogen under Et driver to eller flere i forskjellige Reppe, Kirkesogne eller Sysler beliggende Gaarde, er han pligtig til at angive Kreaturerne til Tiende der, hvor de blive underholdte.

§ 12.

Indtil anderledes bestemmes ved Lov, bør Tiende erlægges med $^9/_{10}$ Alen af hvert Løsegodshundrede. Tiende af 5 Hundreder Løsegods eller derover deles i 3 lige Dele, hvoraf den ene tilfalder de Fattige i det Thingsogn, hvor Tiendeyderen har lovlig Bopæl, den anden den Kirke, hvortil han hører, og den tredie vedkommende Sognepræst. Uformuendes Tiende, eller Tiende af mindre Gods end 5 Hundreder, tilfalder udelt de Fattige.

§ 13.

Fattigtiende bør erlægges til vedkommende Kommunekasse inden Udgangen af det Aar, hvori Tienden er bleven fastsat. Fattigtienden kan erlægges med alle de samme Naturalier, hvormed de almindelige Afgifter til Landskassen svares.

§ 14.

Forfaldsdagen for Præste- og Kirketiende er den første Sommerdag næst efter, at Tiendeansættelsen har fundet Sted. De samme Naturalier ere lovligt Betalingsmiddel ved Erlæggelsen af Præste- og Kirketiende som af Fattigtiende.

§ 15.

For Tiendeafgifter kan gjøres Udpantning hos Yderen overensstemmende med Plakat af 2den April 1841, hvorhos de i et Tidsrum af 2 Aar fra Forfaldsdagen at regne nyde den samme Fortrinsret, som Lovgivningen hjemler Afgifter til Landskassen.

§ 16.

De i § 7 omhandlede Bøder kunne fastsættes af Amtmanden, medmindre den Paagjældende foretrækker, at Sagen henvises til Rettergang. Bliver Sagen henvist til Rettergang, behandles den som offentlig Politisag.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 12te Juli 1878.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*

---

Nr. 6. Lov af 12te Juli om Løsegodstiende.